



# Almennt kort og Plúskort Landsbankans

Skilmáli F-21

Viðskiptavinir Landsbankans sem hafa gilt Almennt kort eða Plúskort njóta tryggingaverndar samkvæmt skilmála þessum.

Um þau atriði sem ekki er öðruvísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Helstu þættir tryggingarinnar og hámarksbætur eigin áhættu eru:

Bótapáttur	Hámarksfjárhæð	Eigin áhætta
Ferðaslysstrygging	kr. 3.600.000	
Sjúkrakostnaður	kr. 6.000.000	kr. 25.000*
Samfylgd í neyð	kr. 80.000	

\* Eigin áhætta fyrir hvern tryggðan.

Korthafar njóta einnig þjónustu **SOS International**, sem er alþjóðleg neyðarþjónusta vegna alvarlegra slysa og veikinda erlendis.

## Skilgreiningar

Í skilmála þessum merkja eftirfarandi hugtök:

**Alfaraleið** er leið sem er farin á vegum eða slóðum. Hugtakið utan alfaraleiðar á við um leið sem ekki tengist endilega vegum, slóðum eða stígum og getur legið um holt og móa skv. 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 60/2013.

**Dvalarkostnaður** merkir gistingu, ferðakostnað og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins hverju sinni.

Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

**Dvalarland** merkir land þar sem tryggður hefur lögheimili, búsetu vegna náms eða starfs eða hefur búið samfelld í a.m.k. 180 daga.

**Ferðakostnaður** merkir fargjald og gistikostnað.

**Félagið** merkir Vörður tryggingar hf.

**Flutningslys á munum** merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum tryggðu munum. Enn fremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila vegna ferðar.

**Korthafi** er sá sem hefur Viðskiptakort í gildi.

**Náinn ættingi** merkir maki, sambýlismaki, foreldri, tengdforeldri, tengdabörn, (gift eða í skráðri sambúð), stjúpbörn, afa eða ömmu, barn, barnabarn, systkini eða unnustu/a tryggðs, systkini sambýlismaka og afi eða amma sambýlismaka.

**Náinn samstarfsmaður** merkir þann sem tryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.

**Sambýlismaki** merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt: a) skráð lögheimili, b) skattframtal eða c) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.

**Slys** merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á tryggðum og gerist án vilja hans.

**SOS International** er neyðarþjónusta vegna alvarlegra slysa og veikinda erlendis.

**Kreditkort** merkir kort gefið út af Landsbanka.

## 1. Kafli. Gildisákvæði

### 1. gr. Hvar og hvenær gildir tryggingin?

- Korthafi nýtur trygginga samkvæmt þessum skilmála meðan kreditkort hans er í gildi og samningur er um tryggingarnar á milli félagsins og Landsbanka.
- Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins viðtæka tryggingarskilmála og fyrra kort.

- Tryggingin gildir á ferðalagi frá heimili tryggðs í allt að 60 samfellda ferðadaga.
- Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er tryggingin því aðeins gild þegar a.m.k. helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með Viðskiptakorti tryggðs eða gistirými hafi verið bókað fyrirfram og kortanúmer gefið upp til greiðslu. Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimili tryggðs.
- Tryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

**2. gr. Hver er tryggður?**

- Tryggingin nær til korthafa Viðskiptakorts sem gefin eru út af Landsbanka. Tryggingin nær einnig til maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- Tryggður sem fer til tímabundinna starfa til annarra landa er tryggður skv. a. lið 1. gr. en einstaklingur sem fer til náms er einungis tryggður á útleið og heimleið.
- Tryggður sem býr utan Íslands er tryggður skv. c. lið 1. gr. þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.

## 2. Kafli. Ferðaslysatrygging

**3. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Verði tryggður fyrir slysi á ferðalagi greiðast bætur í eftirfarandi tilvikum:

- Dánarbætur vegna slyss á ferðalögum
  - Dánarbætur eru kr. 3.600.000
  - Dánarbætur greiðast til þess sem rétt á til bótanna skv. 2. og 3. mgr. 100. gr. laga nr. 30/2004.
- Varanleg örorka, allt að kr. 3.600.000 eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:

• algjör varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum	100%
• missir handar við úlnlið eða ofar	100%
• algjör, varanleg lömun annarrar eða beggja handa	100%
• missir fótar við ökkla eða ofar	100%
• algjör, varanleg lömun annars eða beggja fóta	100%
• algjör, ólæknandi vitskerðing	100%
• algjör, ólæknandi lömun	100%
• algjört, ólæknandi heyrnarleysi	50%
• algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra	30%
• missir þumalfingurs hægri handar	20%

Algjör varanleg lömun útlíms bætist sem missir þess útlíms. Önnur varanleg örorka 16% og hærri er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni. Sé hinn tryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.

**4. gr. Takmörkun á bótaskyldu**

- Dánarbætur samkvæmt a. lið 3. gr. vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast, takmarkast við 10% af dánarbótum.
- Sé tryggður 60 ára eða eldri verða tryggingarfjárhæðir eftirgreindir hundraðshlutar af hámarksfjárhæðum, sem tilgreindar eru í a. og b. lið 3. gr.

60-61 árs 90%	68-69 ára 50%
62-63 ára 80%	70-71 árs 40%
64-65 ára 70%	72-73 ára 30%
66-67 ára 60%	74 ára og eldri 20%

Bætur vegna a. og b. liða 3. gr. greiðast því aðeins ef slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.

Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem tryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verða aldrei hærri en kr. 3.600.000.

### 3. Kafli. Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

#### 5. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur allt að kr. 6.000.000 vegna slyss eða veikinda hvers einstaklings, sem tryggingin nær til.

Félagið bætir eftirfarandi:

- Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð skv. læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að tryggður veikist eða slasast í ferðinni.
- Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við félagið eða SOS INTERNATIONAL.
- Ferðakostnað fylgdarmanns telji læknir þess þörf.
- Kostnað vegna flutnings hins látna til Íslands eða dvalarlands, andist tryggður erlendis, svo og fargjald fylgdarmanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.
- Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar.

#### 6. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki:

- kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn tryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hvers konar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, sérfræði og óhefðbundnar lækningameðferðir.
- kostnað sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi sem Sjúkratryggingar Íslands eru aðilar að.
- kostnað við meðferð og/eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
- meðferðir erlendis sem standa lengur en í 3 mánuði.
- kostnað vegna sjúkdóms eða slyss sem á rót sína að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fíkniefna.
- ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar sem rofin var.
- aukinn kostnað við nýja heimferð nema fyrir liggja staðfesting frá sjúkrastofnun erlendis.
- tjón sem rekja má til þess að tryggður:
  - mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða ef heimkomudagur var eftir 32. viku meðgöngu.
  - ferðast í trassi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita læknismeðferðar erlendis.
- sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá tryggingaratburði.

#### 7. gr. Tilkynningarskylda

Tryggðum ber að tilkynna félaginu eða SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða alvarleg veikindi tryggðs á ferðalagi erlendis.

#### 8. gr. Eigin áhætta

Hver og einn tryggður ber eigin áhættu 25.000 í hverju tjóni.

### 4. Kafli. Samfylgd í neyð

#### 9. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir:

- nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 80.000 vegna ættingja eða vinar tryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir tryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða veikinda tryggðs.
- nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 80.000 í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar tryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða veikinda tryggðs.

## 5. Kafli. Almenn ákvæði

### 10. gr. Tilkynningarskylda

Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Tryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu, s.s. læknisfræðileg gögn eða eftir atvikum lögregluskýrslu. Eyðublöð fyrir tjonstilkynningar fást hjá félaginu og á vefsíðu félagsins; [vordur.is](#).

Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málsóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjon, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.

### 11. gr. Frestur til að tilkynna tjon

Tryggður glatar rétti til bóta ef hann:

- tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
- hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

### 12. gr. Greiðsla bóta og vextir

- Tjónabætur greiðast inn á bankareikning korthafa, eftir atvikum að frádreginni eigin áhættu.
- Dánar- og örorkubætur greiðast skv. skilmálum eins kreditkorts, en eru að öðru leyti óháðar öðrum tryggingum, sbr. þó ákvæði í 1. kafla um gildisákvæði.
- Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern tryggðan vegna hvers tjónsatburðar.
- Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta bótaskyldu og ákveða fjárhæð bóta.
- Tryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni eftir atvikum skv. 50. eða 123. gr. laga nr. 30/2004.
- Eigi tryggður bótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt tryggðum bætur.
- Við andlát tryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram líkskoðun á eigin kostnað.
- Sé félagið bótaskyld í tjóni skv. tryggingarskilmálum þessum og önnur trygging nær jafnframt til sama tjóns, greiðir félagið eingöngu bætur eftir hlutfallslegri ábyrgð, sbr. þó 14. gr. skilmálans.

### 13. gr. Brot á upplýsingaskyldu - Svik og rangar upplýsingar

Komi í ljós að tryggður eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd hafi viðhaft svik til að koma fram kröfu á félagið, fellur niður allur réttur til bóta.

Hafi tryggingartaki eða tryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og tryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004, fellur niður allur réttur til bóta. Hafi tryggingartaki eða tryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. eða 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Ef tryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt skilmála þessum og öðrum tryggingarsamningum vegna hins tiltekna tryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004.

### 14. gr. Tvítrygging

Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern tryggðan vegna hvers tjónsatburðar. Ef hagsmunir þeir sem trygging þessi tekur til eru einnig tryggðir með annarri tryggingu getur tryggður valið úr hvaða tryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt tryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafíð önnur félög hlutfallslega.

Ákvæði þetta á ekki við um ferðaslysstryggingu.

### 15. gr. Endurkröfuréttur

Eigi tryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt tryggðum bætur. Tryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

**16. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en tryggðs**

Ákvæði, sem kveða á um að réttur tryggðs eða þriðja aðila til bóta úr skaðatryggingum skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis tryggðs, eiga einnig við um samsvarandi háttsemi manns sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða sem og háttsemi maka tryggða sem býr með honum og manns sem hinn tryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

**17. gr. Réttur við andlát tryggðs**

Við andlát tryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, hefur félagið rétt til að láta fara fram krufningu.

**18. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi**

Hafi tryggður valdið af ásetningi eða af stórkostlegu gáleysi að tryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr., 89. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004.

**19. gr. Brot á varúðarreglum**

Varúðarreglur eru háttennisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi tryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að tryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í tryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Í ferðaslysatryggingu og sjúkratryggingu er heimild til þess að fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta háð því að tryggður hafi af stórkostlegu gáleysi valdið því að tryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

**20. gr. Tjónagrunnur**

Öll tjón sem tilkynnt eru til félagsins eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem hýstur er af Creditinfo. Í tjónagrunninn mun félagið skrá kennitölu tjónþola ásamt upplýsingum um tegund tryggingar, tegund tjóns, dagsetningu tjóns, dagsetningu skráningar í tjónagrunninn, staðsetningu tjóns og einkvæmt númer tjónþola, s.s. númeri ökutækis.

Tilgangurinn með skráningu framangreindra upplýsinga í tjónagrunninn er að reyna að koma í veg fyrir tryggingarsvik og ofgreiðslu tryggingarbóta, s.s. þegar tjónsatvik er tilkynnt til fleiri en eins tryggingafélags án gildra ástæðna. Vinnsla upplýsinga í öðrum tilgangi er óheimil.

Eingöngu þeir starfsmenn félagsins sem starfa að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum og er aðgangur þeirra háður því skilyrði að þeir gefi upp tilefni vinnslunnar í hvert sinn sem upplýsingunum er flett upp. Öllum upplýsingum verður eytt úr tjónagrunninum þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, þó í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu upplýsinganna.

**21. gr. Takmörkun vegna stærri atburða**

Ef í einum og sama tryggingaratburði verður slys á mörgum einstaklingum sem tryggðir eru með ferðatryggingum korthafa kreditkorta, takmarkast heildarbætur félagsins við USD 25 milljónir eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótaþegi hefði ella átt rétt til.

**22. gr. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**

Öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, hér eftir pvl.

Persónuupplýsingar eru þær upplýsingar sem hægt er að greina beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn o.fl., sbr. 2. tl. 3. gr. pvl. Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, miðlun og dreifing, sbr. 4. tl. 3. gr. pvl.

Persónuverndarstefna félagsins er aðgengileg á heimasíðu félagsins en þar má finna nánari útlistun á því hvernig félagið vinnur persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi. Í persónuverndarstefnu félagsins má einnig finna varðveislutíma persónuupplýsinga, réttindi einstaklinga og tengiliðar upplýsingar persónuverndarfulltrúa félagsins.

**23. gr. Meðferð ágreiningsmála**

Verði ágreiningur um trygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

Ágreiningi varðandi tryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í tryggingamálum. Tryggingartaki getur aflað sér frekari upplýsinga um úrskurðarnefnd í tryggingarmálum inn á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (fme.is) og heimasíðu nefndarinnar (www.nefndir.is.)

Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**24. gr. Heimili félagsins og varnarþing**

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af tryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**25. gr. Almennar takmarkanir á bótaskyldu**

Félagið bætir ekki tjón sem beint eða óbeint leiðir af:

- a. beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka kjarnakleyfs efnis sem gefur frá sér geislavirkni.
- b. beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kyns efnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu.
- c. beitingu eða notkun líffræðilegra vopna, sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lífrænt framleiddra eitrefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða nýjum og óþekktum eitrefnum).
- d. stríði, innrás, hernaðaráttökum, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgararóstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán.
- e. skaða, kostnað eða útgjöld, hvaða eðlis sem vera kann sem beint eða óbeint orsakast af, eru afleiðingar af eða eiga sér stað í sambandi við hvers kyns aðgerðir, sem gripið er til í því skyni að hafa stjórn á, koma í veg fyrir, bæla niður eða tengjast á einhvern hátt liðum a., b., c. og d. hér að ofan.
- f. fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífartökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, svifflugi, siglingum á bátum sem róíð er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjávar eða neðanjarðar. Sama á við um aðrar áhættuþróttir.
- g. bifreiða- og vélaíþróttum eða notkun vélhjóna, hvort sem tryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun létts bifhjóns sem er 50 cc eða minna og nær allt að 25 km hraða, sem tekið er á leigu í ferðalagi og fellur undir tryggingu þessa.
- h. slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
- i. flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
- j. jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkuelsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkuelsneytis.
- k. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
- l. handalögmálum eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- m. jarðskjálfta, eldgosi, skriðufalli, snjóflóði, vatns- eða sjávarflóði og hvers kyns náttúruhamförum án tillits til orsaka þeirra.
- n. slysum sem eiga sér stað á ferðalögum á Íslandi og rekja má til notkunar skráningarskylds ökutækis sbr. 8. og 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Skilmáli þessi gildir frá 01.05.2024

## 6. SOS INTERNATIONAL

### Neyðarþjónusta vegna slysa og veikinda erlendis.

#### 26. gr. Slysa- og sjúkraþjónusta

Slysa- og sjúkraþjónustan er hluti af sjúkrakostnaðarþætti tryggingarinnar. Fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir er öll ráðgjöf látin ókeypis í té, en innheimt er fyrir veitta aðstoð á kostnaðarverði. Jafnan skal tilkynna SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða sjúkleika tryggðs sem er á ferðalagi erlendis og taka fram að hann sé tryggður með Landsbanka kreditkorti.

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af Landsbanka ferðatryggingu korthafa hjá félaginu.

Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL er nauðsynlegt að gefa upp kortanúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður með Landsbanka kreditkorti.

Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á yfir 30 tungumálum.
- heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings.
- að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfólk látið fylgja sjúklingi.
- að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.
- að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.
- að veita aðstoð vegna almennra tryggingarmála, meðhöndlun slysa og hættuástands.

#### 27. gr. Ferðarþjónusta

Gefnar eru upplýsingar um eftirfarandi og veitt aðstoð sé þess óskað:

- áritun vegabréfa, ónæmisaðgerðir, veðurfar, ástand vega og skilyrði til ferðalaga, heilbrigðisþjónustu o.fl.
- endurnýjun glataðra eða stolinna vegabréfa, farseðla og ferðaskilríkja.

#### 28. gr. Símaþjónusta í viðlöngum

Neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Sími í Danmörku (45) 38 48 82 10

Fax í Danmörku (45) 70 10 50 56

Netfang [sos@sos.dk](mailto:sos@sos.dk)

Heimasíða [www.sos.dk](http://www.sos.dk)

Vörður Tryggingar hf.

Sími: 354 514 1000

Netfang: [vordur@vordur.is](mailto:vordur@vordur.is)

Heimasíða: [www.vordur.is](http://www.vordur.is)

Neyðarþjónusta Rapyd utan opnunartíma Landsbanka: 354 525 2000